

Höttur lauk Íslandsmótinu með sóma

Skrifað af Körfuboltadeild

Sunnudagur, 18 Mars 2012 21:31

Seinni leikurinn gegn Skallagrími í undanúrslitum úrslitakeppni 1. deildar KKÍ tapaðist í kvöld með 77 stigum gegn 88. Eftir jafnan fyrri hálfleik náðu Skallagrímismenn undirtökunum í 3. leikhluta og þrátt fyrir góða atlögu okkar manna í lokin lönduðu Borgnesingar sigri og þar með sæti í úrslitum. Fjölmargir áhorfendur mættu í íþóttahúsið og studdu liðið vel.

Með leiknum í kvöld lauk Höttur keppni í 1. deild KKÍ á þessu tímabili. Liðið getur borið höfuðið hátt eftir ágætt tímabil. Höttur lenti í 4. sæti deildarinnar eftir harða keppni um 2. sætið. Besti árangur liðsins í mörg ár og sæti í úrslitakeppninni gaf vonir um Úrvalsdeildarsæti. Það tókst ekki í þetta sinn en liðið er ungt og reynslunni ríkari eftir tímabilið.

Margir stuðningsaðilar hafa staðið við bakið á liðinu á tímabilinu og er þeim þakkaður stuðninginn. Áhorfendum fjölgaði líka á pöllunum í vetur og sýndu liðinu góðan stuðning, sem er ómetanlegt. Allt á réttri leið í körfunni!